

## REGLUR

### um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins.

#### 1. gr.

##### *Markmið og gildissvið.*

Reglum þessum er ætlað að tryggja hlutlægni við úrlausn verkefna Fjármálaeftirlitsins og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða óeðlileg hagsmunatengsl.

Reglurnar gilda um öll viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna með fjármálagerninga, eins og það hugtak er skilgreint í lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og upplýsingaskyldu um slík viðskipti.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki stunda viðskipti sem gætu með réttu gefið tilefni til tortryggní að því er varðar meðferð upplýsinga, sem þeir öðlast í störfum sínum, eða trúverðugleika Fjármálaeftirlitsins. Með stjórnarmönnum er í reglum þessum einnig átt við varamenn í stjórn.

#### 2. gr.

##### *Regluvörður.*

Forstjóri tilnefnir regluvörð sem hefur umsjón með að reglum þessum sé framfylgt. Regluvörður skal sjá til þess að reglurnar séu kynntar starfsmönnum með fullnægjandi hætti. Regluvörður skal eigi sjaldnar en árlega gera stjórn grein fyrir framkvæmd reglnanna.

#### 3. gr.

##### *Viðskipti með fjármálagerninga.*

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með hlutabréf, skuldabréf og fjármálagerninga tengda þeim, sem útgefni eru af eftirlitsskyldum aðilum.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er þó heimilt að eiga viðskipti með hlutdeildarskirteini í sjóðum samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er heimilt að selja fyrrgreinda fjármálagerninga í eftirlitsskyldum aðilum sem aðgang hefur verið áður en viðkomandi kom til starfa hjá stofnuninni. Sama gildir hafi fjármálagerningurinn komið til eignar viðkomandi fyrir arf eða hjúskapar- eða sambúðarslit.

Áður en viðskipti með fjármálagerninga eiga sér stað skal viðkomandi ganga úr skugga um að hann hafi ekki aðgang að innherjaupplýsingum um fjármálagerningana, útgefanda þeirra eða önnur atriði. Viðkomandi ber jafnframt að gera regluverði Fjármálaeftirlitsins fyrirfram grein fyrir viðskiptunum. Regluvörður skal taka rökstudda afstöðu til fyrirhugaðra viðskipta innan fimm virkra daga eða tilkynna starfsmanni ef það dregst umfram þann tíma að gefa afstöðu. Þegar viðskipti hafa gengið í gegn skal tilkynna um viðskiptin til regluvarðar. Regluvörður skal gera forstjóra fyrirfram grein fyrir viðskiptum sínum samkvæmt þessari grein, sem tekur rökstudda afstöðu til fyrirhugaðra viðskipta, og tilkynna honum um viðskipti þegar þau hafa gengið í gegn.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn bera ábyrgð á eigin viðskiptum þrátt fyrir að regluvörður hafi tekið afstöðu til þeirra.

Regluvörður skal halda skrá yfir viðskipti starfsmanna og forstjóra þar sem fram kemur um hvaða fjármálagerninga var að ræða, fjárhæð nafnverðs og gengi og á hvaða tíma fyrirhuguð kaup áttu að eiga sér stað. Jafnframt skal koma fram hvernig staðið var að athugun skv. 4. mgr. og niðurstöður þeirrar athugunar.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu að jafnaði eiga fjármálagerninga sem þeir kaupa í 3 mánuði að lágmarki fari markaðsverð ekki niður fyrir upphaflegt kaupverð.

#### 4. gr.

##### *Upplýsingaskylda starfsmanna, forstjóra og stjórnarmanna.*

Starfsmenn skulu gera regluverði skriflega grein fyrir eftirfarandi:

1. Nemi heildarskuldbindingar viðkomandi (þ. á m. ábyrgðir), gagnvart eftirlitsskyldum aðilum, hærri fjárhæð en 30.000.000 kr. skal gera grein fyrir öllum skuldbindingum umfram 3.000.000 kr. hjá hverjum eftirlitsskyldum aðila, auk tímalengdar skuldbindingar og stöðu að öðru leyti.
2. Greiðsluerfiðleikum vegna allra skuldbindinga. Með greiðsluerfiðleikum er átt við sérstaka innheimtumeðferð eða aðra erfiðleika sem gefa til kynna að viðkomandi sé háður sérstakri fyrirgreiðslu viðkomandi eftirlitsskylds aðila.
3. Ávöxtun sparifjár hjá eftirlitsskyldum aðilum þegar verðmæti þess nemur a.m.k. 10.000.000 kr. Gera skal grein fyrir samningum um eignastýringu við eftirlitsskylda aðila, án tillits til fjárhæða.

Gera skal grein fyrir upplýsingum samkvæmt 1. og 3. tölul. 1. mgr. eigi síðar en viku eftir að viðskipti eða samningar eiga sér stað. Veita skal upplýsingar skv. 2. tölul. 1. mgr. þegar starfsmanni er kunnugt um stöðu mála. Starfsmaður skal í fyrsta sinn veita upplýsingar skv. 1. mgr. við ráðningu og staðfesta þær síðan árlega.

Regluvörður skal gera forstjóra samsvarandi grein fyrir viðskiptum sínum samkvæmt þessari grein. Þá skulu forstjóri og stjórnarmenn gera stjórnarformanni og regluverði grein fyrir viðskiptum sínum samkvæmt þessari grein.

Forstjóri, starfsmenn og stjórnarmenn skulu upplýsa um sambærileg atvik eða aðstæður er varða maka eða sambúðaraðila og ófjárráða börn, sem viðkomandi er kunnugt um og aðstæðurnar eru til þess fallnar að draga óhlutdraegni hans í efa með réttu. Þegar svo stendur á skal miða við að fjárhæðamörk skv. 1. mgr. taki til samanlagðra eigna hjóna, sambúðarfólks og ófjárráða barna þeirra.

#### 5. gr.

##### *Hæfi.*

Stjórnarmenn, forstjóri eða starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef ætla má að niðurstaða málsins hafi veruleg áhrif á fjárhagslega eða persónulega hagsmuni eða draga megi óhlutdrægni viðkomandi í efa með réttu.

Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða beint eða óbeint fyrirtæki sem þeir eru í forsvari fyrir, starfa hjá eða eru tengdir með öðrum sambærilegum hætti. Þá skulu þeir ekki taka þátt í meðferð mála er varða beint eða óbeint samkeppnisæðila slíkra fyrirtækja. Meta skal hæfi stjórnarmanns bæði út frá persónulegum hagsmunum hans og fyrirtækis sem hann er tengdur. Stjórnin skal setja sér sérstakar reglur þar sem fjallað er um hæfi hvers sitjandi stjórnarmanns og varastjórnarmanns út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í reglum þessum.

#### 6. gr.

##### *Samskipti við eftirlitsskylda aðila.*

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er óheimilt að þiggja þjónustu, afla öðrum aðila þjónustu eða afla viðskiptakjara vegna þjónustu eftirlitsskyldra aðila sem öðrum viðskiptamönnum stendur ekki til boða í sambærilegum tilvikum.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er óheimilt að taka við gjöfum eða annarri ívilnun frá eftirlitsskyldum aðilum, öðrum en þeim sem veittar eru viðskiptamönnum almennt og/eða eðli-legar geta talist.

#### 7. gr.

##### *Yfirlýsing.*

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu rita undir yfirlýsingum um að þeir hafi kynnt sér efni þessara reglna og önnur ákvæði laga, reglugerða og reglna sem varða trúnaðarskyldu þeirra í starfi.

#### 8. gr.

##### *Viðurlög.*

Brot á reglum þessum geta varðað áminningu eða brottrekstri.

Nr. 130

23. janúar 2014

9. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með stoð í 6. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi, og taka gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 704/2001, um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsskylda aðila og óbirtar reglur frá 5. október 2001, um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfaviðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins.

*Fjármála- og esnahagsráðuneytinu, 23. janúar 2014.*

F. h. r.  
**Tómas Brynjólfsson.**

---

*Leifur Arnkell Skarphéðinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2014